

Fundur haldinn í Fjallaskilanevnd Fljótsdalshrepps, Végarði 31.08 2017, kl. 20.00

Mættir voru allir nefndarmenn: Þorvarður Ingimarsson, Eyjólfur Ingvason, Gunnar Jónsson, Hjörleifur Kjartansson og Jóhann Þórhallsson.

1. Jafnað niður í göngur.

Jafnað var niður á 127,5 dagsverk á 5.490 kindur. Sú breyting gerð að fjölgað var dagsverkum í Útheiði úr tveimur í tíu dagsverk, með það fyrir augum að jafna álagningu smalasvæða (sjá mf. kort).

Gangnastjórar skipaðir:

Í Rana: Hallgrímur Þórhallsson

Til vara: Eyjólfur Ingvason

Undir Fellum : Gunnar Jónsson

Á Múla: Hjörleifur Kjartansson

Villingadal, Flatarheiði og Gilsárdal: Hjörtur Kjerúlf

Kiðafell: Hjörleifur Kjartansson

Útheiði: Jóhann Fr. Þórhallsson

Rekstrarstjóri út Norðurdal: Benedikt Jónasson

Réttarstjóri í Melarétt: Hjörtur Kjerúlf, til vara Þorvarður Ingimarsson

Lagt verður af stað í göngur 19. september Undir Fell og 20. september í Rana.

Réttað verður í Melarétt, laugardag 23. september. Rekstur úr safnhólfi hefst kl. 11 og byrjað verður að rétta kl. 13.00.

Stefnt skal að smölun á Hraunum og Kiðafelli 14. september.

Samsmölun heimalanda á Suðurbyggð skal vera 30. september og 1. október.

2. Réttardagur 2018 verður 22. september.

3. Önnur fjallskilamál.

Unnið er að lagfæringum í Melarétt og áætlað er að klára frágang í Egilsstaðarétt á raggangi, fyrir göngur. Lagað verður aðhald í girðingu í Fjallaskarði, svo auðveldara sé að koma fé á vagn. Búið er að saga trjágróður frá götum inn Þorgerðarstaðadal, frá Sveinsseli inn í gegnum Þorgerðarstaðaskóg.

Óskað er eftir að smölun á Hraunum verði greidd úr sveitarsjóði, eins og verið hefur.

Umræður urðu um fjárflutninga úr Hrafnkelsdal. Fjallaskilastjóri leggur til að lömb verði ekki flutt austur í Fljótsdal, heldur verði þeim komið á sláturbíl í Hrafnkelsdal.

Samþykkt að flutningar þetta haust verði með óbreyttu sniði og greiddir eins og verið hefur, en þeim tilmælum beint til bænda að setja ekki á fé sem kemur langt að.

Fjallaskilastjóra falið að athuga með veitingar á Pilsvangi og að ræða við nýja ábúendur á Valþjófsstað um safnhólf.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 23.10.

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Gunnar Jónsson (sign)

Eyjólfur Ingvason (sign)

Hjörleifur Kjartansson (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)